

Nd.

534 Frumvarp til laga

[272. máí]

um breytingu á lögum nr. 45 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973 um breytingu á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Í 4. gr. bætist nýr töluliður nr. 6, svohljóðandi:  
Jöfnunargjald 1% sem reiknað skal á sama hátt og segir í þriðja tölulið.  
Tímamörk í 2. og 3. tl. falli niður.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. falli niður.

3. gr.

6. málsgrein 6. greinar falli niður.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Lánstími skal vera 5—25 ár, eftir því til hvers lánað er.

Lán til nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnskaupa og annars þess sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveðið á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hvernar tegundar lána.

Heimilt er, að lán húsbygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

5. gr.

12. gr. laganna falli brott.

6. gr.

27. gr. orðist svo:

Jarðanefndir samkvæmt jarðalögum skulu vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan hvernar sýslu um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Við 29. grein.

Í stað orðsins „landnámsnefnd“ í 2. málsgr. komi: jarðanefnd.

8. gr.

Við 39. grein.

Í stað orðsins „landnámsnefndar“ í lok fyrri málsgr. komi: jarðanefndar.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í l. 68/1973 falli niður.

10. gr.

2. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1979, að öðru leyti öðlast lögin gildi 1. sept. 1978.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. maí 1976 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 45, 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins og III. kafla laga nr. 115, 7. nóvember 1941, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Nefndinni var ætlað að huga að hagkvæmustu leið til að tryggja bæði Stofnlánadeild og Veðdeild sem mest eigið fjármagn, þannig að tekjur deildanna skili meiri hlut við starfsemi þeirra en verið hefur og að lánareglur byggist á því að ekki gangi á eigið fjármagn þeirra.

Í nefndina voru skipaðir Stefán Pálsson, framkvæmdastjóri, sem var formaður nefndarinnar, Jón Helgason, alþm., Pálmi Jónsson alþm., Stefán Valgeirsson alþm., Friðjón Þórðarson alþm., Helgi Seljan alþm. og Eiríkur Guðnason, deildarstjóri.

Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í frumvarpsformi, en eftir að ríkisstjórnin hafði fjallað um málið var ákveðið að leggja frumvarpið fram í þeim búningi, sem það er nú lagt fram.

Lánakjör útlána Stofnlánadeildar hafa verið þyngd á undanförnum árum, en ekki í samræmi við þann fjármagnskostnað sem deildin býr við. Er nú svo komið að vextir og verðbætur af teknum lánum nema hærri upphæð en af útlánum og fer munurinn vaxandi ár frá ári. Á sama hátt hefur lánstíminn rýrt ráðstöfunarfé deildarinnar verulega.

Það er því ljóst, að Stofnlánadeildin mun verða að taka á sig vaxandi rekstrarhalla á næstunni vegna vaxta og gengismunar, verði ekkert að gert. Framlag bændastéttarinnar til deildarinnar (framleiðendagjald) nægir ekki til að jafna metin, og verður því að ganga á aðra tekjustofna, eða þá tekjustofna, sem ætlaðir eru til að byggja eigið fé deildarinnar upp, þannig að hún geti síðar veitt þá fyrirgreiðslu sem til er ætlast, án þess að þurfa að taka á sig vaxandi skuldabyrði.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því, að ofangreind niðurgreiðsla á fjármagnskostnaði er jafnframt niðurgreiðsla á verði landbúnaðarafurða, þar eð vextir af lánum í Stofnlánadeild eru taldir með í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins. Ef deildin hefði á undanförunum árum veitt lán með sömu kjörum og hún býr við á skuldum sínum, væri þessi liður í verðlagsgrundvellið orðinn mun hærri en nú er. Miðað er við að litið sé á verðtryggingarálag á sama hátt og vexti.

Stofnlánadeildin getur ekki haldið þannig áfram að greiða niður verð á landbúnaðarvöru með því að ganga á eigin höfuðstól. Deildin hlýtur að verða að fá fjármagnskostnað sinn endurgreiddan, ef hún á að geta haldið áfram útlánastarfsemi sinni.

Virst gæti, að einfaldasta leiðin til þess væri að hækka útlánavexti, en sú leið er algjörlega ófær, þar sem vaxtabyrðin legðist eingöngu á þá bændur, sem í framkvæmdum standa.

Vaxtaliður verðlagsgrundvallarins sem á að standa undir vaxtakostnaði búrekstursins er meðaltalstala. Hún hækkaði því tiltölulega litið og yrði aðeins brot af vaxtakostnaði þeirra bænda, sem í framkvæmdum standa, en aftur á móti nytu þeir bændur hækunarinnar sem búa við eldri uppbyggingu. Þetta mundi því skapa gífurlegt misræmi innan bændastéttarinnar.

Í þessu frv. er því kveðið á um, að lagt verði sérstakt gjald á heildsöluverð landbúnaðarafurða og tekjur af því ásamt framleiðendagjaldi notaðar til að greiða niður vaxtakostnað af almennum lánum til bænda. Gjaldið teldist hluti af vinnslu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarafurða og kæmi fram í útsöluverði, en ekki í verði til bænda. Vextir og verðtryggingarhlutföll útlána yrðu þá ákveðin þannig, að vaxta-tekjur ásamt framleiðendagjaldi og jöfnunargjaldi nægðu ætíð á móti samanlögðum vísitölu-, gengis- og vaxtagjöldum, svo að aldrei hallaði á deildina.

Kostir jöfnunarleiðar eru fyrst og fremst þeir, að hún eykur ekki það misræmi sem að framan er lýst á afkomu bænda. Bændastéttin í heild myndi taka á sig að hluta þær byrðar, sem héra verður vegna uppbyggingar í atvinnugreininni. Segja má að með þessu móti sé aðeins verið að lengja lánstímann, því sá bóndi

sem fær lán á þessum kjörum greiðir ekki fullan fjármagnskostnað fyrir, en á móti nýtur hann ekki sömu launa síðar meir og hann nyti, væri vaxtaleiðin farin.

Eðlilegt er, að í skuldabréfum Stofnlánadeildar verði framvegis ákvæði um heimild fyrir stjórn deildarinnar að breyta lánakjörum. Hún nýti þá heimild, ef breytingar verða á útlánareglum, svo að allir lántakendur deildarinnar njóti jafnt þeirrar lánakjarajöfnunar, sem ákveðið verður á hverjum tíma.

Verðlagsáhrif jöfnunarleiðar eru hliðstæð þeim sem vaxtaleið hefur, því í stað þess að hækka vaxtalið verðlagsgrundvallar, myndi sama upphæð leggjast á vinnslu- og dreifingarkostnað. Talið er að 1% jöfnunargjald myndi leiða til 0,18% hækkunar framfærsluvísitölnunnar, eða sömu áhrifa og ef vaxtaleið yrði valin.

Til skýringar skal bent á, að væri jöfnunargjald ekki notað yrðu lánakjör að þyngjast mjög verulega. Miðað við kjör deildarinnar varðandi það lánsfé sem hún á kost á nú, þyrfti að verðtryggja yfir 60% af heildarútlánnum.

Með töku verðjöfnunargjalds lækkar þörfin á verðtrygðum hluta útlána niður í sem næst 40%.

Einnig má benda á, að hækkun vaxta á lánnum deildarinnar, sem heimilt er að hækka, yrði að vera árið 1978 um 6,5% til þess að skila deildinni samsvarandi fjárhæð og 1% jöfnunargjald gefur, og til lengri tíma má ætla að 4% vaxtahækkun svari til 1% verðjöfnunargjalds.

Áætlað er að jöfnunargjaldið mundi skila deildinni á þessu ári kr. 250 000 000, hefði það verið innheimt allt árið.

## II.

Í frumvarpi þessu eru felld brott ákvæði laganna um lánveitingar Stofnlánadeildar til íbúðabygginga í sveitum, en gert ráð fyrir, að Byggingarsjóður ríkisins annist þær lánveitingar, enda hafi sveitirnar jafnan aðgang að íbúðalánnum og hingað til.

Lán Byggingarsjóðs í þéttbýli eru óháð því, hvaða atvinnu lánþegar stunda, en Stofnlánadeild hefur, ein allra atvinnuvegasjóða, lánað til íbúðabygginga. Nokkur vandamál hafa komið upp vegna þess, einkum þar eð mörkin milli sveitar og þéttbýlis eru í sumum tilvikum óljós. Eðlilegt má því telja að Byggingarsjóður láni til allra íbúðabygginga, hvort sem um er að ræða í dreifbýli eða þéttbýli.

Lánskjör eru nú eins í Stofnlánadeild og Byggingarsjóði. Hins vegar setur Stofnlánadeild engin skilyrði um hámarksstærð íbúðarhúsa eins og gert er í þéttbýli. Íbúðarhúsnæði í sveit þarf að vera rýmra, bæði vegna búrekstrarins og eins vegna þess að útilokað er að skipta um húsnæði eftir breytilegum fjölda heimilisfólks. Engin vandkvæði eru talin á því að hafa ólíkar reglur um stærð húsa í þéttbýli og sveit, þótt sami sjóður veiti lánin, enda hámarks upphæð lána sú sama. Á sama hátt verður að vænta þess að samkomulag takist um einstaka framkvæmdaþætti, svo sem um eindaga á úttektum o. fl.

## III.

Vegna stækkandi meðalbús og aukinnar vélvæðingar í landbúnaði, hefur margfaldast það fjármagn, sem bundið er í hverju búi. Og þá um leið það fjármagn, sem hver sá er hefja vill búskap, verður að leggja fram. Á undanförunum árum hefur verið reynt að mæta þessu nokkuð með því að margfalda upphæð lána til jarðakaupa frá Veðdeild Búnaðarbanka Íslands það er úr 200 þús. 1972 í 1 600 þús. 1976 og 2 millj. 1977 og veita lán til bústofnskaupa með fjármagni frá Lífeyrissjóði bænda. En það hefur hvergi nærri brokkið til að mæta þörfinni, svo að aðstaða frumbýlinga er óviðunandi, þar sem útvegum fjármagns til viðbótar er erfið og búreksturinn stendur ekki undir afborgun og vöxtum af óhagkvæmum lánnum. Þetta vandamál krefst því úrlausnar.

Gerð er tillaga um, að Stofnlánadeild veiti lán til jarðakaupa, eins og gert er ráð fyrir í 2. málsgr. 5. gr. laga um Stofnlánadeildina, en ákvæði til bráðabirgða og fjármagnsskortur deildarinnar hafa komið í veg fyrir að svo hafi verið gert.

Mun þá Stofnlánadeildin yfirtaka þær lánveitingar sem Veðdeildin hefur annast til þessa. Er nauðsynlegt að þessi lán verði a. m. k. ekki lægra hlutfall af matsverði jarðar og bygginga heldur en nú er veitt til nýbygginga. Þá er hækkun bústofnslánanna nauðsynleg og ennfremur lánveitingar vegna vélakaupa frumbýlinga, enda þótt ekki sé um nýjar vélar að ræða.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### Um 1. gr.

Með greininni er jöfnunargjaldi bætt við tekjustofna Stofnlánadeildarinnar. Skv. 2. og 3. tl. 4. gr. núgildandi laga skal reikna 1% álag á söluvörur landbúnaðarins og 1% gjald á útsöluverð landbúnaðarvara til ársloka 1980.

Til þess að halda þessum gjaldstofnun er gert ráð fyrir að fella tímamörkin niður.

##### Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hætti að veita lán til íbúðarhúsbygginga í sveitum, enda taki Húsnæðismálastofnun ríkisins við því hlutverki og verði öll lán til íbúðarhúsa veitt úr sama sjóði, Byggingarsjóði ríkisins. Breytingar á greininni eru einvörðungu í samræmi við það. Þess vegna er 2. tl. 5. gr. felldur úr gildi.

##### Um 3. gr.

Greinin felur í sér ákvörðun um að hætt verði að veita lán til vélgrafinna skurða. Er það í samræmi við gildandi lánareglur Stofnlánadeildar, enda njóta þær framkvæmdir framlags samkvæmt jarðræktarlögum, er nemur 70% kostnaðar.

##### Um 4. gr.

Skv. gildandi lögum er heimilt að hafa lánstíma allt að 42 árum. Hámarkslánstími er skv. frumvarpinu stytur í 25 ár.

##### Um 5. gr.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að fella niður lán úr Stofnlánadeild til íbúðarhúsa, er 12. gr. felld úr gildi þar sem hún fjallar um skilmála vegna slíkra lána.

##### Um 6.—8. gr.

Breytingar sem gerðar eru til samræmis við ákvæði jarðalaga nr. 65/1976.

##### Um 9. gr.

1. liður 5. gr. núgildandi laga segir hlutverk Stofnlánadeildar að veita jarðkaupalán, en þessu ákvæði var ekki ætlað að taka gildi skv. ákvæði til bráðabirgða, fyrr en ákvæðum um Veðdeild Búnaðarbankans yrði breytt.

Gert er ráð fyrir að fella þetta ákvæði úr gildi, þá fær 1. liður lagagildi.